

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Óskargötu 7	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Marteinson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir komu fram í eftirlitinu en tvö frávik frá starfsleyfi voru staðfest, er varða sýnilegan lit í frárennsli og skil á útstremisbókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit að beiðni Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra til að skoða litarmengun sést hefur við frárennsli Primex undanfarna daga.

Fram hefur komið í síðustu eftirlitum að í rækjuskelinni er mjög sterkt náttúrulegt litarefni (astaxanthin) sem fer út með frárennslinu, bæði frá Primex og frá Ramma. Skv. Ritryndum greinum er þetta litarefni ekki vatnsleysanlegt en leysist vel upp í fitu og olíu, auk þess getur leysanleiki þess aukist í súrum aðstæðum. Sé efnið leyst upp í olíu/fitu-lagi sem flýtur á vatninu myndi það taka á sig bleika/rauðan lit og líta út eins og lituð rák. Auk þess gæti efnið legið óuppleyst ofan á vatninu og verið sýnilegt vegna þess þar sem þetta er rautt/bleikt duft í hreinu formi. Einnig verður efnið sýnilegt í súru umhverfi. Efnið er hvorki hættulegt umhverfinu né heilsu fólks og er hér því einungis um sjónmengun að ræða.

Farið var að útrás Ramma og höfnin skoðuð. Ekki var hægt að greina óeðlilegan lit eða grugg í höfninni eða nærumhverfi. Við útrás Primex var um að ræða sterkan rauðleitan lit beint yfir útrásinni og þynning á litnum um nokkra tugi metra umhverfis útrásina. Um 30 fuglar sátu við flekkinn og var greinilegt að eitthvað æti var að koma upp með frárennslinu. Nær engin fita er í frárennsli Primex þar sem skelin er ekki fiturík. Í starfsleyfi Primex kemur fram að við frárennsli skuli ekki koma fram áberandi litur eða grugg. Alla jafna er þetta ákvæði uppfyllt en undanfarna daga hefur litur komið fram við útrásina og mikilvægt er að greina hvers vegna svo er.

Frárennsli rekstraraðila er skv. kröfum starfsleyfis. Sigi er á frárennsli frá öllum tönkum og liggur frárennislögn 26 m út í fjörðinn og 12m niður undir yfirborð sjávar. Frárennislögnin var mynduð árið 2015 og ekkert frávik kom fram á þeim myndum. Skv. teikningum frá sveitarfélaginu Fjallabyggð þá eru þrjú fyrirtæki inni á sömu frárennislögn og Primex. Auk Primex eru það Segull 67 (brugghús) og Egilssíld. Önnur frárennislögn liggur rétt norðan við frárennislögn Primex en skv. uppl. frá sveitarfélaginu er ekki starfsemi í því húsi er sú lögn liggur frá. Gert er því ráð fyrir að sú lögn sé ekki í notkun. Aðal frárennislögn bæjarins liggur í suður frá útrás rekstraraðila en fjarlægðin á milli lagnanna er ekki staðfest að sögn rekstraraðila. Skv. teikningum reiknast fjarlægðin á milli útrásanna um 150m en telur rekstraraðili að styttra sé á milli lagnanna þar sem vegna framkvæmda við dýpkun hafnarinnar á vegum sveitarfélagsins hafi festingar við lögn rekstraraðila losnað. Við lagfæringar hafi lögnin verið sett niður sunnar og grynna en áður var og lögn bæjarins sé norðar og einnig á minna dýpi en áætlað er skv. skipulagi. Telur rekstraraðili því að dreyfing úr frárennislörri sé önnur nú en fyrir lagfæringarnar.

Óskað var eftir því við rekstraraðila að myndir yrðu teknar af sjónum við frárennslið í 30 daga, á sama tíma dags til þess að kortleggja litinn og sjá hvort að meiri litur sé að koma einhverja ákveðna daga vikunnar eða hvort að aðrar vísbendingar komi fram varðandi tímasetningar litarmengunarinnar. Einnig hefur verið óskað eftir frekari mælingum á frárennsli, bæði fyrir losun í útrás og beint út úr útrásinni.

Rekstraraðili hefur sent eftirlitsaðila gögn um magntölur hráefna og framleiðslu. Skv. tölum frá rekstraraðila þá hefur móttaka á rækjuskel verið nokkuð stöðug allt árið en rokkar þó aðeins á milli vikna (frá einum hlut og upp í fjóra, en vegna viðskiptahagsmuna þá eru tölur varðandi það ekki gefnar upp í skýrslunni). Breytileikinn er því einhver á framleiðslumagni en skv. starfleyfi þá er rekstraraðila heimilt að vinna allt að 500t af kítósan á ári og er rekstraraðili vel innan þeirra marka. Ekki eru mörk í starfsleyfi um það magn rækjuskeljar sem rekstraraðili má taka á móti eða geyma á staðnum.

Farið var að olúgeymum við bryggju, um 300m norðan við útrás Primex og aðstæður skoðaðar. Bryggjan er staðsett í straumstefnu að útrás Primex. Eru þetta sölugeymar fyrir olíu á báta. Engar athugasemdir geru gerðar varðandi þá aðstöðu og var hún snyrtileg á að líta.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Fram kemur að við útrás frá vinnslunni þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má hvergi vera áberandi litur eða grugg. Áberandi litur var við útrásina er eftirlit fór fram. Þar sem um samverkandi þætti litarefnis og annarra efna er að ræða er rekstraraðila bent á að leita leiða, í samvinnu við aðra sem losa út í fráveitu á svæðinu, til þess að koma í veg fyrir að litur sé sýnilegur í frárennslinu.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Útstreymisbókhaldi var skilað í eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


ANNAÐ

Útstreymisbókhaldi var skilað í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2017



Guðbjörg Stella Árnadóttir